

Skipulag samþættrar þjónustu í Húnaþingi vestra.

Ráð og teymi sem geta komið að málum nemenda í samþættingu:

Nemendaverndarráð:

Leikskóla: Í ráðinu eru skólastjórnendur, þroskaþjálfari og tengill farsældar.

Grunnskóla: Í ráðinu eru skólastjórnendur, sérkennarar, þroskaþjálfari, skólahjúkrunarfræðingur og tengill farsældar.

Framhaldsskóli: <https://www.fnv.is/is/thjonusta/studningur-i-nami/farsaeldarthjonusta>

Farsældarteymi: Sviðsstjóri fjölskyldusviðs, skólastjórnendur leik- og grunnskóla, skólahjúkrunarfræðingur, sálfræðingur, yfirfélagsráðgjafi, ráðgjafi skólaþjónustu og þroskaþjálfari.

Þjónustan skiptist í þrjá þætti

Fyrsta stigs þjónusta

Annars stigs þjónusta

Þriðja stigs þjónusta

Beiðni um þjónustu á fyrsta stigi

- Sérkennslustjóri leikskóla er tengiliður farsældar barna í leikskóla, ráðgjafi er tengiliður farsældar barna í grunnskóla og félagsráðgjafi í framhaldsskóla. Á heilsugæslu er hjúkrunarfræðingur tengiliður fyrir mæðravernd og ungbarnaeftirlit.
- Tengiliður getur aflað upplýsinga um aðstæður barns frá þjónustuveitendum og þeim sem veita almenna þjónustu í þágu farsældar barns. Til að tryggja hagsmuni barns og að því marki sem það er nauðsynlegt fyrir samþættingu þjónustunnar geta foreldrar óskað eftir miðlun upplýsinga á þar til gerðu eyðublaði.
- Tengiliður hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við forráðamenn og barn. Hlutverk tengiliðar er að veita upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns en það felur í sér:
 - Aðstoða við að tryggja aðgang að frummati á þörfum barns.
 - Skipuleggja og fylgja eftir samþættingu fyrsta stigs þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Taka þátt í stuðningsteymi eftir því sem við á.
 - Upplýsa nemendaverndarráð um stöðu máls.
- Fyrsta stigs þjónusta í þágu farsældar barna er aðgengileg öllum börnum og foreldrum. Þá tilheyra fyrsta stigi úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og snemmtækur stuðningur með það að markmiði að styðja við farsæld barns. Snemmtækur stuðningur er veittur í samræmi við þarfir barns og honum fylgt eftir á markvissan hátt.
- Öll börn og foreldrar skulu hafa aðgang að þjónustu tengiliðar við samþættingu fyrsta stigs þjónustu. Frá fæðingu og þar til barn hefur nám í leik- og grunnskóla er tengiliður starfsmaður heilsugæslu. Sama á við ef þörf er á samþættingu þjónustu á meðgöngu. Þegar barn er við nám í leik-, grunn- eða framhaldsskóla er tengiliður starfsmaður skólans þar sem barn er við nám.
- Tengiliður ber ábyrgð á skilum til næsta tengiliðs.

Þjónusta á öðru stigi

- Tengiliður óskar eftir málastjóra hjá fjölskyldusviði sem setur saman stuðningsteymi og tryggir gerð stuðningsáætlunar.
- Málastjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við forráðamenn og barn. Hlutverk málastjóra er að:
 - Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.
 - Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.
 - Upplýsa farsældarteymi um stöðu mála.
- Á öðru stigi þjónusta tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og markvissari stuðningur með það að markmiði að **tryggja farsæld barns**.
- Markvissari stuðningur er veittur í samræmi við faglegt mat og/eða frumgreiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd.
- Stuðningsteymi skal svo fljótt sem verða má gera skriflega stuðningsáætlun fyrir barnið þar sem samþætt þjónusta er veitt í þágu farsældar barnsins.

Þjónusta á þriðja stigi

- Málastjóri hjá fjölskyldusviði setur saman stuðningsteymi og tryggir gerð stuðningsáætlunar.
- Málastjóri hefur hagsmuni barns að leiðarljósi. Hann skal rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við forráðamenn og barn.
- Hlutverk málastjóra er að:
 - Veita ráðgjöf og upplýsingar um þjónustu í þágu farsældar barns.
 - Aðstoða við að tryggja aðgang að mati og/eða greiningu á þörfum barns.
 - Fylgja því eftir að þjónusta sé veitt í samræmi við stuðningsáætlun.
 - Upplýsa farsældarteymi um stöðu mála.
- Þriðja stigs þjónusta í þágu farsældar barna tilheyrir úrræði þar sem veittur er einstaklingsbundinn og sérhæfðari stuðningur með það markmið að **tryggja að farsæld barns verði ekki hættu búin**.
- Sérhæfðari stuðningur er veittur í samræmi við sérhæft og ítarlegt mat og/eða greiningu á þörfum barns á grundvelli stuðningsáætlunar um samþætta þjónustu og eftirfylgd. Sérhæfður stuðningur er t.d. í gegnum málefni fatlaðra, barnaverndarþjónustu og frá Geðheilsuteymi Heilsugæslustöðvar Vesturlands.
- Stuðningsteymi skal hafa hagsmuni barnsins að leiðarljósi og rækja hlutverk sitt í samstarfi og samráði við forráðamenn og barn.
- Stuðningsteymi skal svo fljótt sem verða má gera stuðningsáætlun fyrir barnið þar sem samþætt þjónusta er veitt í þágu farsældar barns.